HAFNARFJÖRÐUR

Hafnarfirði, 14. október 2016
*1608420GG*

Umsögn arkitekts
Vegna: Suðurbæjarlaugar, strandblakvellir .

Á fundi skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar þ.23. ágúst 2016 var lagt fram erindi áhugafólks um strandblakvöll við Suðurbæjarlaug. Skipulags- og byggingarráð óskaði eftir umsögn skipulagsfulltrúa og íþrótta- og tómstundanefndar.

Skipulagsfulltrúi tekur jákvætt í erindið. Blakvöllur við Suðurbæjarlaug mun vera liður í að auka flóru og möguleika til íþróttaiðkunar á svæðinu við sundlaugina.
Huga mætti að því að auka möguleika á nýtingu svæðisins með þeim hætti að gengið verði svo frá blakvellinum að nota mætti hann til annars konar íþróttaiðkunar yfir kaldasta tíma ársins s.s. undir skautasvell. Skoða þarf nánari staðsetningu og útfærslu blakvallarins innan sundlaugarsvæðisins svo hægt verði að setja hugmyndina í framkvæmd.

Gunnþóra Guðmundsdóttir
arkitekt.